

**316. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1,
mánudaginn 16. desember 2024 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía
Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður
Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta
Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, Sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2210065 - Kirkjubraut, Kalmannsbraut endurgerð

Heimsókn frá Studio Jæja farið yfir hugmyndir af Kirkjubraut.

Undir þessum lið sitja eftirfarandi bæjarfulltrúar, Kristinn Sveinsson, Jónína
Margrét Sigmundsdóttir, Einar Brandsson, Ragnar B. Sæmundsson ásamt
embættismönnum.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Studio Jæja yfirferðina.

Gestir víkja af fundi.

**2. 2412029 - Akrakotsland- Tún - grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar
beiðni um umsögn**

Hvalfjarðarsveit óskar eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna
byggingarleyfisumsóknar Akrakotsland-Tún. Breytingin felst í að heimilt verði að
byggja skemmu/atvinnuhúsnaði/verkstæði á lóð, brúttóflötur 280,3 fm.

*Akraneskaupstaður vill áréttu að Akrakotsland sem er í eigu kaupstaðarins er
hugsað til uppbyggingar á íbúðum í framtíðinni.*

*Ein af þeim tengingum sem verður inn á væntanlegt byggingarland Akrakots er frá
Innnesvegi. Sá vegur mun fara framhjá því atvinnuhúsnaði sem nú er verið að
grenndarkynna. Óskað er eftir frekari upplýsingum um hvernig lágmarka eigi
sjónræn áhrif uppbyggingar m.t.t. þeirra vegfarenda sem nýta munu ofangreindan
veg inn og út úr Akrakotslandi.*

**3. 2412050 - Orkuveitan - beiðni um borunarleyfi vegna hitastigsborana í landi
Akraneskaupstaðar**

Erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur óskað er eftir afstöðu til borana og rannsóknum
eftir jarðhita við Jaðarsbraut og Faxabraut ásamt Höfðaselsholti.

*Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og fagnar áformum OR um
jarðhitaleit á Akranesi.*

*Jafnframt leggur ráðið til að borun við Jaðarsbraut og Faxabraut verði gerð sem
fyrst svo ekki verði röskun né tafir á númerandi uppbyggingu íbúðarhúsnaðis á
reitnum. Ráðið bendir á að sækja þarf um framkvæmdaleyfi áður en verk hefst.*

4. 2411205 - Sóleyjargata - akstursstefna - bílastæði



Lagt er til að endi Sóleyjargötu, norðan Vitateigs, verði einstefna í framhaldi af Melteig.

Skipulags- og umhverfisráð jákvætt í erindið og felur sviðstjóra frekari úrvinnslu málssins.

5. 2411172 - Kirkjubraut 4-6 --, minnkun lóðar - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn Al hönnunar fyrir hönd eiganda Daníel Daníelssonar um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreit. Breytingin felst í að heimilt verði að reka gistiheimili á neðstuhæð Kirkjubrautar 4-6, stækkan á lóð Kirkjubrautar 4-6 og minnkun á lóð Suðurgötu 67.

Mál lagt fram, skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

6. 2410228 - KFÍA - Vallarhús

KFÍA hefur óskar eftir samtali við Akraneskaupstað um nýtingu á Vallarhúsi. Skóla- og frístundaráð hefur tekið jákvætt í erindið. Leitað er eftir umsögn skipulags- og umhverfisráðs hvað varðar framtíðarskipulag á svæðinu og framtíð Vallarhússins.

Skipulags- og umhverfisráð býður fulltrúum skóla- og frístundaráðs á næsta fund ráðsins þann 7. janúar næstkomandi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Gunnar Sigurðarson

Sonsíða Árni Sigmundsson

Anna Svartá Smáradóttir